

9. janúar 2019

Frásögn af fimmtánda fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Þorvar Hafsteinsson, Eðvald Einar Stefánsson, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Sverrir Óskarsson, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Þórður Kristjánsson.

Meðal þess helsta sem fram kom á fundinum:

- Formaður hópsins greindi frá fundi með hagsmunaaðilum á Akureyri föstudaginn 4. janúar. Fundarfrásögn er vistuð á síðu starfshópsins á vef Stjórnarráðsins.
- Nú hafa fyrstu tillögur verið lagðar fram og ræddar. Unnið verður áfram með þær á næsta fundi.
- Rætt var um mikilvægi þess að ræða ekki utan starfshópsins um tillögur sem fram koma fyrr en komin er sameiginleg niðurstaða. Hins vegar er sjálfsagt að hver og einn fulltrúi í starfshópnum upplýsi að vild bakland sitt um þær tillögur sem hann leggur fram.
- Þörf er á heildstæðri mynd af því mati sem fram fer á skólastarfi á Íslandi, s.k. námsmatsramma. MMS ætti að hafa frumkvæði að því að taka saman slíkan ramma.
- Rætt var um einstök verkefni stjórnarmanna og minnt á að mikilvægt væri að þeim yrði lokið sem fyrst.
- Mikilvægt að rifja upp markmið samræmdra prófa á Íslandi þegar þau voru fyrst lögð fyrir og bera saman við markmið prófanna í dag.
- Mikilvægt að sátt ríki um þau matstæki sem notuð eru í skólastarfi.
- Rætt var um lokaskýrslu og framsetningu hennar.
- Fyrir næsta fund mun formaður fara yfir tillögur og skipta verkum milli fulltrúa í starfshópnum.

Næsti fundur fer fram 16. janúar.

PH/SKS 2019